

BÓKUN 6 ^{1}***UM SÖFNUN LÖGBOÐINS VARAFORÐA
Í LIECHTENSTEIN***

Þegar alvarlegur birgðaskortur ríkir Liechtenstein má fella inn í áætlun um lögboðinn varaforða nauðsynlegar framleiðsluvörur fyrir lífsafkomu þegnanna séu þær ekki framleiddar í nægilega ríkum mæli eða alls ekki í Liechtenstein og eru þess eðlis að hægt er að geyma þær sem varaforða.

Í Liechtenstein skal, við framkvæmd þessarar áætlunar, hvorki með beinum né óbeinum hætti gert upp á milli innfluttra framleiðsluvara frá hinum samningsaðilunum og innlendra framleiðsluvara sem eru svipaðar eða koma í stað þeirra framleiðsluvara sem um ræðir.

^{1} Þessi texti, sem var innleiddur með bókuninni um breytingu, kemur í stað fyrri texta bókunar 6.